


ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 24—25 ÁG.—NÓV. '82



Útgefandi **ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN**, félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku, pósthólf 4186, Reykjavík, Ísland.

Blað þetta kemur út í byrjun 3ja hvers mánaðar. Efni í það þarf að berast ritnefnd fyrir 1. næsta mán. fyrir útkomu blaðsins.

Stjórn ÍSALP:

Formaður: Guðjón Ó. Magnússon
s. 22229

Gjaldkeri: Halldór Guðmundsson
s. 86090

Ritari: Magnús Guðmundsson
s. 30214

Varaformaður: Torfi Hjaltason
s. 24204

Meðstjórn: Vilborg Hannesdóttir
s. 40684

Róbert Tómasson
s. 36588

Ferðanefnd: Guðjón Ó. Magnússon
Torfi Hjaltason
Pétur Ásbjörnsson
Hreinn Magnússon
s. 20286

Húsnefnd: Anna Guðrún Línal
s. 26357
Vilborg Hannesdóttir
Róbert Tómasson
Ragnar Jóhannsson
s. 84263
Þórunn Bjarnadóttir
s. 73525

Ritnefnd:

Ábyrgðarmaður: Magnús Guðmundsson

Aðrir í ritnefnd: Sighvatur Blöndahl,
s. 32789, v. 10100

Snævarr Guðmundsson,

s. 85070

Ólafur Baldursson

s. 13708

Olgeir Sigmarsson,

s. 26793

Fræðslunefnd:

Torfi Hjaltason

Helgi Benediktsson

Arnór Guðbjartsson

Efnisyfirlit:

Frá ritnefnd	3
Félagsstarfið	4
Hugvekja	9
Leiðarvísir ÍSALP – Nr. 18: Örafajökull	10
Fyrsta fjallamannanámskeiðið	20
Myndaopna	24
Fréttapistill	26
Zappa á Kistuna	30
Aðdragandinn að stofnun ÍSALP	32
Skiðafaerð um páskana	37
Fjallamennska á Íslandi síðustu fimm ár	40
Ferðir og fundir ÍSALP	46

Forsíðumyndin: Hæsti tindur Íslands, Hvannadalshnjúkur á Örafajökli (2119 m). Ljós. Ágúst Guðmundsson í apríl 1976.

Frá ritnefnd

Jæja, loksins komst þetta blað út til lesenda sinna eins og þau sem á undan eru gengin. Þessi sæðing gekk óvenju erfiðlega og má rekja það til stærðarinnar en blaðið er að þessu sinni fullar 48 síður. Ástæðan fyrir þessum blaðsíðufjölda er fimm ára afmæli klúbbsins og má líta svo á að með þessu móti séum við að halda upp á afmælið.

Í blaðinu kennir ýmissa grasa, greint er frá aðdragandanum að stofnun ÍSALP, þróun fjallamennsku hér á landi, frá stofnun félagsins, þar er að finna fyrsta hluta leiðarvísis um Örafajökul auk margs annars. Hvort hér sé á ferðinni betra blað en vanalega skal ósagt látið en við vonum að félagarnir kunni að meta þessa afurð amsturs okkar ritnefndar-manna.

Og vel á minnst. Hér er komið að atriði sem við í ritnefndinni höfum áhuga á að koma á framsæri. Ég reikna með að fæstir viti hvernig svona blaði er komið út og hvaða vinna liggur þar að baki. Þetta byrjar oftast á þann veg að ritnefndin kemur saman 2–3 mánuði fyrir útgáfudag og við setjum niður fyrir okkur hvaða efni þurfi í næsta blað. Síðan er talað við hina og þessa og þeir fengnir með góðu eða illu til að skila inn greinum. Þá tekur við eftirrestur, myndaöflun, auglýsingaöflun (sem við erum frekar latir við) og ýmislegt fleira. Þegar textin er kominn þá liggur næst fyrir að fara með hann í setningu, að því loknu koma prófarkalestur og leiðréttingar. Loksins þegar textin er kominn úr setningu og myndaöflun að mestu lokið er hægt að teikna upp útlit blaðsins. Þá þarf áætlunargerðin um lengd greina og stærð að standast svo blaðið fylli uppi þessar vanalegu 32 síður. Oftast reynum við að hafa frekar meira efni heldur en minna. Það er auðveldara að geyma einagrein til næsta blaðs heldur en að láta semja hana og setja þegar allt er komið í eindaga.

Að uppsetningu lokinni er hægt að fara með blaðið í prentsmiðjuna sem skilar í hendur okkar 500 eintökum af tímariti ÍSALP. Að endingu þökkum við blaðinu og póstsendum það til félaganna. Og von bráðar byrjar sami leikurinn upp á nýtt.

Með þessu blaðið hefur tímarit ÍSALP komið út 24 sinnum. Við skulum vona að þetta sé bara byrjunin. Og það er eitt í þessu sambandi sem mig langar að minnast á. Alltaf hrærist líúll strengur í brjósti ritnefndarinnar þegar menn skrifa greinar ótilbeðnir. Ef við fengjum margar slíkar yrði starf okkar svo miklu auðveldara og á því höfum við að sjálfsögðu mikinn áhuga.

Magnús Guðmundsson.

Félagsstarf

Vetrarfjallamennskunám-skeið

Að morgni laugardagsins 13. mars lögðu af stað frá Grensásveginum tveir bílar með 22 sálir innanborðs. Ferðinni var heitið undir Skessuhorn til að æfa vetrarfjallamennsku. Veður var heldur viðsjárvert, austan átt með skafrenningi og snjótætingi. Frá Horni var gengið upp í Katla. Þar hófust menn handa við að hlaða skjólgarða fyrir tjöld sín en án þeirra hefði ekki verið viðlit að tjalda. Undir kvöld skánaði veður heldur og var þá tekið til við æfingar í snjó með ísöxi. Veður batnaði um nóttina og á sunnudag var kom-in stilla með sól og frosti. Þá voru æðar tryggingar, broddameðferð og snjóklifur. Að áliðnum degi voru tjöldin tekin saman, hver axlaði þjónkur sínar og síðan var rölt niður í bíla.

Þó svo að snjóleysi hafi hindrað og snjó-húsagerð og veður hafi verið hið versta á laugardag þá má segja að námskeiðið hafi tekist vel.

Leiðbeinendur voru Torfi Hjaltason, Halldór Guðmundsson og Magnús Guð-mundsson.

MG

Botnssúlinaferð

Í Botnssúlur var farið helgina 27. – 28. mars. Í áætlun var tekið fram að þetta yrði ekki vinnuferð heldur ein ágæt skemmti- og klif-urferð. En háleitar áætlanir ferðnefndar urðu að víkja fyrir köldum raunveruleikan-um. Dagskipunin varð því sú að gengið skyldi frá grjótpulsum sem þjóna eiga sem grunnur skálans. Annað verkið var að skera úr um hvort nægur snjór væri til að flytja skálann uppeftir næstu helgi á eftir.

Við gengum frá Svartagili upp á skála-stæðið efst í Súladalnum. Þar var tjaldað og síðan tekið til við pulsugerð. Dálitin tíma og snjómokstur tók að finna pulsugerðar-efnið, netið, vírinn og krossana en það tókst þó allt giftusamlega. Gutti stjórnaði verkinu af öryggi og kl. 9 um kvöldið voru pulsurnar tilbúnar að mestu, aðeins eftir að henda í þær dálitlu grjóti. Var ákveðið að láta það bíða því erfitt var að þjappa grjótið upp úr ísuðum vörðunum.

Á sunnudag gengum við aftur niður að Svartagili í vestan roki ofantil en hliðvirði þegar neðar dró.

Snjólög voru með afbrigðum lítill og melar allir auðir upp undir kjaftinn á Súladaln-um. Þótti okkur þetta heldur dapurlegt því einsýnt var að ekki yrði hægt að flytja skál-ann með snjóbílum þennan veturinn.

Þátttakendur í ferðinni voru átta talsins.

MG



Hópurinn sem sótti vetrarfjallamennskunámskeiðið undir Skessuhorni í mars síðastliðnum. Á myndina vantar myndasmiðinn Hilmar Þór Sigurðsson.

Árshátíð

Föstudaginn 16. apríl var bryddað upp á þeirri nýbreytni að halda árshátíð ÍSALP á Grensásveginum. Var þetta fremur óform-leg samkoma þar sem hver skemmti sjálfum sér og öðrum eftir bestu getu. Á miðnætti var snæddur málsverður ágætur og síðan spjallað og spaugað fram eftir nóttu.

Á samkomuna mættu um 35 manns og verður það að teljast gott miðað við aðstæð-ur, því ekki tókst að auglýsa hana nema takmarkað. Er stefnt að því að gera árshá-tíðina að föstum lið hér eftir.

MG.

Suðurjöklaferð

Sumardaginn fyrsta lögðu sjö af stað í Suð-urjöklaferðina (Litluheiðarútilegu). Veður var í hæsta máta sumarlegt, slydda og fúl-viðri. Lagt var upp við Grýlulind og gengið alla leið upp í 600 m hæð! Þar þótti veðrið hamla frekari framsókn. Grófum við tvö snjöhús í skafl þarna í Litluheiðinni og dvöldumst þar framá laugardag en þá drifum við okkur niður í Stóru-Mörk og þáðum þar kaffiveitingar á meðan bíll kom úr Reykjavík eftir okkur. Það skal tekið fram að veður batnaði ekki eftir því sem á ferðina leið.

TH



Lifað í vellystingum praktuglega í „Litluheiðarútilegu“. Ljós Torfi Hjaltason í apríl 1982.

Eyjafjallajökull

Hin árlega dagsferð á Eyjafjallajökul var farin laugardaginn 15. maí 1982.

Eftir nokkrar vangaveltur á hvaða sjálfrennreið yrði farið var lagt af stað frá Grensásvegi um sjö.

Ekið var sem leið liggur austur að tjaldstaðnum undir Grýttutindi.

Þaðan var gengið á fjalla- og gönguskíðum Skerjahryggssleiðina upp á Godastein; sökum slæms skyggis og hávaða roks var ekki farið lengra. Eftir te og meðlæti renndu menn sér niður. Var það allkostuleg sjón hve færi var þungt og létu skíðin illa að stjórna. Var hinum ýmsu aðferðum beitt til stöðvunar, reyndist sú aðferð einna best að hlamma

sér á óæðri endann og fleyga stóran skurð í jökulfönnina. Vafalaust verða menn búnir að fá sér bremsuborða á rassinn fyrir næstu ferð. Eftir velheppnaða ferð á jökulinn var rennt í bæinn með hefðbundnum stoppum.

Hópurinn taldi 12 og farastjórarnir voru Pétur Ásbjörnsson og Hreinn Magnússon.

HM

Gígjökulsferð

Helgina 22. – 23. maí var ísklifurnámskeið haldið í Gígjökli

Lagt var af stað frá Grensásvegi um 8 leytid á laugardeginum og farið strax í jökulinn. Þar var hópum skipt milli leiðbeinenda og síðan var kennsla hafin. Kennnd var notkun ísaxa og ganga á broddum.

„Franska aðferðin“, auk tryggingaraðferða s. s. meðferð ísskrúfna og klifur í línu

Um 4 leytid var farið úr jöklinum og slegið upp tjöldum undir Grýttutindi. Á laugardagskvöldið skemmtu menn sér á ýmsan hátt, farið var í „frisbee“ og 4 gengu á Grýttutind. Aðrir sátu inni í rútu og fylgdust með kosningum í útvarpinu af miklum áhuga.

Kl. 9 á sunnudagsmorgninum var kennslu haldið áfram. Var haldið upp í neðra fallið í jöklinum og kennd var ganga á jökli, að stökkva yfir sprungur, björgunartækni o. fl. Námskeiðinu lauk síðan um 3 leytid þann dag og var þá haldið að tjaldbúðum og þær teknar niður. Síðan var ekið í bæinn með viðkomu í sjoppunni á Hvolsvelli.

Leiðbeinendur á námskeiðinu voru þeir Helgi Benediktsson, Arnór Guðbjartsson, Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson. Nemendur voru 16 talsins og auk þess nokkrir sem voru að klifra í jöklinum á eigin vegum.

SG

Klettaklifurnámskeið

Klettaklifurnámskeið var haldið helgina 12. – 13. júní. Þátttakendur lögðu af stað úr bænum kl. átta á laugardagsmorgun. Ekið var til Þingvalla og grundvallaratriði klífurs kennd í Hvanngjá. Allt gekk að óskum þrátt fyrir skúraveður og nokkra bleytu á klettum. Eftir vænan svefn neðan við gjána var ekið á sunnudagsmorgun, í Stardal og deginum varið til æfinga í Stardalshnúk. Þar neyttu menn vitneskju sinnar frá deginum áður til hins ýtrasta í þurru og mildu veðri. Námskeiðið þótti takast hið besta enda kennarar góðir, Arnór Guðbjartsson, Einar Steingrímsson og Helgi Benediktsson. Þátttakendur voru fjórtán.

ÓB



Frá seinni degi klettaklifurnámskeiðsins. Æft í Stardal. Ljós. Helgi Ben. í júlí 1982.

Eiríksjökulsferð

Eiríksjökulsferð var farin 25. – 27. júní. Ókum við á fjórum jeppum inn að Torfabæli vestan undir jöklinum aðfaranótt laugardags. Þar slógum við upp tjöldum en vöknuðum úr værum svefni við það að milljónir íbúa héraðsins gerðu margítrekaðar tilraunir til að losa sig við okkur með biti og fleiru. Það hefði mátt skýra staðinn Mýflugnabæli!

Morguninn eftir var þokkalegt veður, alskýjað, logn, og hlýindi og þá gengum við á jökulinn beint upp frá tjaldstæðinu. Komumst við á snjó í um 850 m hæð og þá var stigið á skíðin. Eftir alls um 3 1/2 – 4 tíma



Úr Eiríksjökulsferð. Formaðurinn spókar sig fáklæddur í Torfabæli. Ljós. Hreinn Magnússon í júní 1982.

göngu var hópurinn kominn upp. Útsýni var ekki hið besta, en þó mátti sjá glitta í fjöllin og landið í kring í gegnum þokuna. Á niðurleið renndu menn sér annaðhvort á hausnum og bremsuðu með rassinum, eða æfðu „telemark“ aðferðina. Um kvöldið voru eldhústækin tekin fram (borð, stólar og úti-grill) og héldum við pylsupartý. Á sunnudagsmorgun héldum við í bæinn með viðkomu á Oki og ökuferð um Kaldadal. Heim komum við um kvöldið ánægð með ferðina. Þátttakendur voru 13 auk farastjórans Guðjóns Ó. Magnússonar.

GÓM

GUÐJÓN Ó. MAGNÚSSON

Hugvekja

Íslenski Alpaklúbburinn hefur nú starfað í 5 ár. Þegar litið er til baka yfir farinn veg má sjá að klúbburinn hefur áorðað mörgu og haft mótandi stefnu í fjallamennsku í landinu. Má þar helst nefna húsnæði klúbbsins að Grensásvegi 5 þar sem félagar hittast og ræða málin. Námskeið klúbbsins í fjallamennsku sem undirbúa félagsmeðlimi til atlögu við háfjöllin og náttúruna og síðast en ekki síst blað klúbbsins sem er eini vettvangur sinnar tegundar fyrir umræður, fréttir og fræðslu um fjallamennsku í landinu.

Á þessum þremur sviðum er klúbburinn sterkastur og stendur sig vel enda er brýn þörf fyrir þessa starfsemi. Hins vegar eru menn sem álíta að klúbburinn sé ekki sterkur út á við. Vel kann að vera að svo sé, á sumum sviðum. Ég álít þó að stefna klúbbsins í að gera klúbbfélaga sjálfsbjarga (þ. e. námskeiðin og fræðsla sbr. húsnæðið og blaðið) ætti að vera megin markmið hans. Fjöldi félaga er nú nálægt 300 en fjöldi þeirra sem komist hafa á skrá er um 400. Sýnir þetta að mikil endurnýjun er meðal félaganna. Bendir það til þess að menn sjá annað hvort að þessi íþrótt hentar þeim ekki eða að starfsemi klúbbsins nær ekki til þeirra. Hér má deilda um hvort klúbburinn sé sterkur, en þegar menn öðlast nægilegt sjálftraust til að ferðast upp á eigin spýtur og hafa aflað sér ferðafélaga þá vilja menn helst fara sínar eigin leiðir. Og það finnst mér rétt! Hins vegar mættu tengslin við eldri og reyndari félaga vera meiri, því að klúbburinn þarf á þeim að halda.

Varðandi framtíðarstefnu klúbbsins finnst mér að klúbburinn ætti að beita sér fyrir enn frekari fræðslu í fjallamennsku og koma upp nokkrum skálum á helstu æfingarsvæðum félagsmanna. Æskilegt væri að klúbburinn héldi námskeið fyrir þá meðlimi sem eru lengra komnir, annað hvort með því að nýta eldri félaga eða með því að bjóða hingað til lands erlendum kennurum. Vonandi verður hægt að framkvæma þessa hugmynd áður en langt um líður. Á meðan á byggingu Botnsúlunaskálans stóð kom til tals að reisa fleiri skála í framtíðinni. Helstu svæði sem komu til greina voru Jökulháls við Snæfellsjökul, við Skessuhorn og á þremur stöðum á Öræfajökli, við Miðfells-tind, undir Hrútfjalstindum og á Sandfellsleiðinni. Ég er þeirrar skoðunar að félagar klúbbsins sem hafa áhuga á þessum verkefnum eigi að taka sig saman og framkvæma verkið, en ekki bíða eftir að stjórnin taki ákvörðun um að reisa tiltekin skála. Ef menn ákveða að byggja skála í nafni klúbbsins þá er stjórnin hins vegar reiðubúin að styrkja og veita alla þá aðstoð sem hún getur við smíðina.

Ég hef trú á því að Alpaklúbburinn eigi eftir að lifa áfram, en styrkur hans er að sjálfsögðu undir því kominn hversu mikið félagarnir vilja leggja að marki. Framtíð klúbbsins er því undir okkur komin, ef við viljum starfa í þágu hans þá verður hann áfram leiðandi afl í íslenskri fjallamennsku og vettvangur þeirra sem stunda þessa ört vaxandi íþrótt.

Leiðarvísir ÍSALP nr. 18: Öræfajökull – fyrsti hluti

Almennt

Ad gera leiðarvísi um Öræfajökul og nágrenni er mikið verk enda er meiningin að skipta honum í tvo hluta. Þær lýsingar sem hér fylgja á eftir eru af helstu leiðunum, þeim sem oftast eru farnar. Um svæðið sjálft væri hægt að skrifa langa pistla, en það biður betri tíma. Öræfajökull er nefnilega eitt af stærri eldfjöllum í Evrópu hvað áhrærir viðfeðmi. Allur megin fjallaklasti Mont Blanc rúmast fyrir á grunnfleti Öræfajökuls, ef svo mætti að orði komast. Mikið væri hægt að rita um sögu fjallsins en einnig það er framtíðarverkefni. Fyrstur manna til að ganga á Öræfajökul var Sveinn Pálsson náttúrufræðingur samt einum fylgdarmanni. Að öllum líkindum hefur hann gengið á þá tinda sem heita eftir honum í austur brún Öræfajökuls, Sveinstinda (2044 m). Þetta var í ágústmánuði árið 1794, og lögðu þeir upp frá Kvískerjum. En fyrstur til að ganga á Hvannadalshnjúk (2119 m) var norsk landmælingamaðurinn Hans Frissak, Jón Árnason hreppstjóri á Fagurhólsmýri fylgdi honum. Það var nítján árum eftir för Sveins Pássonar eða árið 1813 í júlímánuði. Þegar menn skoða kort af Öræfajökli sést vel að um margar leiðir er að velja, og möguleikar ótrúlega margir, fjölmargir skriðjökla, tindar og toppar. Samt er ekki hægt að segja frá nema sárafáum leiðum með vissu, því

mikið er ókannað. Mætti koma því hér á framfæri að ef einhver fer leið á jökulinn sem grunur leikur á að aldrei hafi verið klifin væri gagnlegt að viðkomandi snéri sér til einhvers í ritnefnd blaðsins og gæfi upp lýsingu á hinni nýju leið. Þetta gæti stuðlað að bættri upplýsingaþjónustu og eins væri gaman að halda skrá um ferðir af þessu tagi. Gagnleg heimild um Öræfajökul er árbók Ferðafélags Íslands frá árinu 1979. Besta kort af svæðinu er í 1:100.000 t.d. sérkortið af Skaftafelli. Gagnlegt er að hafa kortið til hliðsjónar ef verið er að athuga hinar ýmsu leiðir.

Einstakar leiðir:

Nr. 1 Fagurhólsmýri


Lóðrétt hækkun: 2050 m

Vegalengd: 15 km.

Tími: 13 – 16 tímar.

Útbúnaður: lína, ísöxi, og jafnvel broddar.

Farið er frá Fagurhólsmýri til norðurs og stefnt á Stórhöfða (784 m). Hægt er að fara hvorum megin sem er við hana, áfram austan Miðfells (1058 m) og er þaðan öll leiðin á jökli. Stefnt er á brúnina milli vestari Hnapps (1851 m) og Rótarfjallshnúks (1858 m). Þaðan liggur leiðin eftir slétt-



Öræfajökull – yfirlitskort.



Ljósman Helgi Ben

unni og haldið í beinni stefnu á Hvannadalshnjúk.

Leiðin er löng, en aflíðandi og því ákjósanleg skíðaleið á t. d. gönguskiðum. Tvær svipaðar leiðir eru þarna, annarsvegar frá Hnappavöllum og hinsvegar frá Hofi. Báðar leiðirnar stefna á brúnina í 1800 m hæð milli Rótarfjallshnúks og Hnapps.

Þessar leiðir (þrjár) eru tilvaldar á gönguskiðum.

Nr. 2 Sandfellsleiðin:

Lóðr. hækkun: 2000 m.

Vegalengd: 11 km.

Tími:

13 – 14 t.

Útbúnaður: Lína, ísöxi og broddar.

Byrjar við eyðibýlið Sandfell. Farið norður frá því, skáhallt upp hliðina. Upp Sand-

fellsheiði milli Stóru-lækjargljúfurs og Græna-fjallsgljúfurs. Mesti brattinn á leiðinni, fyrir utan Hvannadalshnjúk sjálfan, er þarna. Þegar komið er í um 600 m hæð minnkar brattinn og blasa þá jafnframt við öldur sem eru í norðaustri við jökulrönd, þangað er haldið. Upp sjálfan jökulinn liggur leiðin milli Kotárjökuls og Falljökuls og gætt að því að vera ekki of nálægt þeim. Þegar brúninni er náð (1800 m) er haldið í vænum sveig frá upptökum Falljökuls í átt að Hnúknum (2119 m). Hnúkurinn sjálfur er misjafn frá ári til árs hvað varðar upp-gönguleið en oftast er leið upp hann miðjan sem blasir við á göngunni eftir sléttunni. Stundum, þegar Hnjúkurinn er mikið sprunginn að sunnan, er stefnt í norður og farið upp að austan. Villugjarnt getur verið á



Á skíðum í Hvannadalshnjúk. Dyrhamar í baksýn. Ljósman Helgi Benediktsson í ágúst 1981.

niðurleið því jökullinn hefur tilhneigingu til að draga á sig ský þegar liður á daginn. Ef menn eru vakandi fyrir þessu er þó flestu borgið.

Nr. 3 Hvannadalshryggur

Lóðr. hækkun: Um 2000 m

Vegalengd: 10 1/2 km.

Tími: 11 – 13 t.

Útbúnaður: lína, broddar og ísöxi

Leiðin hefst við sporð Virkisjökuls. Sporðurinn er víða brattur en koma má í veg fyrir brölt þar með því að fylgja jökulröndinni inn með Svínafellsfjalli og fara upp á jökulinn þegar brattinn minnkar, þó þarf oftast brodda þarna. Gengið er eftir jöklinum og stefnt í hliðina rétt austan Hvanna-

dals (612 m). Ýmist er farið upp í dalinn sjálfan eða upp fyrrnefnda hlið skáhallt. Áfram upp á Hvannadalshrygg (1210 m). Þaðan liggur leiðin á jökli norður með Hvannadalshrygg, upp fyrir Dyrhamar og upp á milli hans og Hvannadalshnúks þar sem merkt er 1879 á kortinu í mælikvarðanum 1:100.000 af Örfajökli. Þar getur verið um að ræða dálítið klifur en alla jafna er þar nokkuð greiðfært.

Mjög falleg leið með útsýni yfir Svínafellsjökul, Hrútfjallstinda og stórbrotna vesturhlið Hvannadalshnúks.

Nr. 4 Virkisjökull

Lóðr. hækkun: 2000 m

Vegalengd: 10 km

Tími: 10 – 12 t.



Ofarlega í Hvannadalshnjúk. Klifrað yfir síðustu sprunguna. Ljós Helgi Ben. í ágúst 1981.

Útbúnaður: lína, ísöxi og broddar.

Farið upp sporðinn á Virkisjökli öðrum hvorum megin við Virkisána, þaðan haldið norður fyrir Rauðakamb og inn jökulinn til norðausturs. Norðan við fallið í Virkisjökli er brött fönn sem liggur alla leið upp að Hvannadalskambi. Farið er þar upp og haldið áfram sunnan undir Hvannadals-hrygg uns komið er í um 1450 m hæð. Þar er augljóst skarð í hrygginn og er farið þar yfir og sameinast þar leiðir 4 og 3. Eins er hægt að halda áfram sunnan vert við hrygginn og Dyrhamar og síðan upp á Hnúk. Þessi leið er þó yfirleitt tofærari þegar liður á sumar vegna sprungna, helst undir Dyrhamri að sunnan.

Leiðin er ein sú stysta og skemmtilegasta

á Hvannadalshnjúk. Ákjósanleg fjallaskíða-leið fram á vor. Einnig er leiðin þægileg hvað snertir slæmt skyggni, því hryggnum er fylgt lengi, nánast beint upp á Hnúkinn sjálfan.

Nr. 5 Svínafellsleið

Lóðr. hækkun: 2000 m

Vegalengd: 11 km

Tími: 13 – 16 t.

Útbúnaður: lína, ísöxi og broddar.

Lagt upp frá bænum Svínafelli. Farið sunnan við Hrutagil og vestan við Öskuhnútu (817 m) og Skarðstind (1018 m). Síðan verða menn að lækka sig ofan í Skarð og nemur lækkunin um 150 m. Parna er nokkuð bratt og rétt að gæta fyllstu var-



Í Hvannadalshnjúk. Ljós. Ágúst Guðmundsson í apríl 1976.



Á Hvannadalshnjúk. Kirkjan, Svínafellsjökull og Hrútfjallstindar í baksýn.

úðar. Upp úr Skarði er haldið rakleiðis upp á Hvannadalaskamb (1210 m). Þaðan áfram á jökli norðan Hvannadalshryggs, og síðan sömu leið og um getur í nr. 3.

Ágæt leið þó hún sé seinfarnari en nr. 3, ekki síst vegna fallegs útsýnis.

Nr. 6 Svínafellsjökull

Lóðr. hækkun: 1980 m

Vegalengd: 11 km

Tími: 13 – 15 t.

Útbúnaður: lína, broddar og ísöxi.

Mjög góð fjallaskíðaleið. Lagt er af stað frá Grjótnáminu við sporð Svínafellsjökuls vestanverðan. Síðan inn Svínafellsjökul miðjan uns komið er í um 400 m hæð. Þá er lagt upp jökulbungu sem skriður niður undir

Skarði og Hvannadalaskambi. Þar fyrir ofan í um 700 m hæð, liggur breiður og nokkuð sprungulaus slakki og er honum fylgt upp undir Svínahrygg (1559 – 1629 m). Þarna er talsverð snjóflóðahætta við ákveðin skil-yrði. Farið er upp með Svínahryggnum sunnanverðum uns komið er í um 1600 m hæð, þá er stefnt á milli Dyrhamars og Hvannadalshnúks og farið þar upp.

Staðgód þekking á leiðarvali á skriðjöklum og sprungusvæðum er þarfleg á þessari leið.

Nr. 7

Lóðr. hækkun: 1980 m

Vegalengd: 13 km

Tími: 14 – 16 t.

Útbúnaður: lína, ísöxi og broddar.

Leiðin hefst á sama stað og nr. 6 inn Svínafellsjökul og til hægri upp sömu jökultunguna og getið er í lýsingu nr. 6. Í stað þess að halda upp að Svínahrygg er gengið áfram í slakkanum og farið alla leið norður fyrir Krikjuna, (1747 m) í átt að Tjaldskarði (1899 m). Þegar komið er í um 1600 m hæð er sveigt til hægri og þá stefnt á Snæbreið (2041 m). Þarna í 1700 – 1800 m hæð er verulega sprungið og er betra að halda sig frekar norðarlega. Þegar komið er í 1900 m hæð er svo stefnan loks tekin á Hnúkinn. Ýmist er hægt að fara upp norðuhlið Hvannadalshnúks eða hrygg sem veit í norðaustur, en á hryggnum er að finna II. gráðu snjó og ísklifu (220 m hækkun).

Þessi leið er hentug á fjallaskíðum fyrst og fremst vegna lengdar sinnar. Þess má geta að enn hefur leiðin ekki verið farin í allri heild sinni!



Í Útsýnisskarði á Hvannadalshrygg. Horft til suðvesturs. Ljós Helgi Ben. í júní 1982.

Til sölu

Iser fjallaskíðabindingar og Scarpa fjallaskíðaskór nr. 45. Tvöfaldir og lítið notaðir. Einnig Kastinger Everest, alstífir fjallgönguskór nr. 45 – selst ódýrt.
Upplýsingar í síma 22229
Guðjón

Fyrsta fjallanámskeiðið:

Óþjalar hamplínur, ísköld böð og kvæði . . .

Fyrir framan mig liggur lítil rauðgul stíla-kompa. Í henni eru dagbókarbrot Guðmundar Einarssonar frá Miðdal um fyrsta námskeið Fjallamanna 1939 í Kerlingarfjöllum, skrifuð með illa ydduðum blýanti.

Fjallamenn voru fyrsti klifurklúbbur landsins og lengst af deild úr Ferðafélagi Íslands. Þeir störfuðu af mestum móð á árunum 1938 – 1948 héldu mörg námskeið, byggðu skála og skipulögðu ferðir. Guðmundur var einn helsti forvígismaður Fjallamanna og færði í raun nútíma klifur-

tækni til landsins eftir dvöl sína í Mið-Evrópu.

Nafngreindir menn í dagbókarbrotunum eru: Rúdólf Leutelt, æður alpinisti sem var aðalkennari á námskeiðinu, einhver þýsk (?) kona er hér dvaldi, Krapp að ættarnafni, Jón Oddgeir Jónsson sem lengst af hefur starfað hjá Slysavarnarfélagi Íslands og Jóhannes úr Kötlum, skáld og landvörður.

Mér þótti ekki úr vegi að birta þessa frásögn í tilefni af 5 ára afmæli ÍSALP

Ari T. Guðmundsson

Fjallamannanámskeið 1939

25. júlí:

12 þátttakendur og einn kokkur komu til Árskarðs kl. hálf níu að kveldi. Menn slógu strax upp tjöldum við skálann í indælu veðri. Voru tjöldin í lager I alls sjö. Að borðhaldi loknu var námskeiðið sett. Aðalkennarinn Dr. Leutelt gerði þar grein fyrir tilhögun námskeiðsins og ræddi um tækni í þingtjaldinu.

26. júlí:

Farið á fatur klukkan sjö og byrjað á morgunleikfimi. Á eftir, kalt bað í ánni og síðan morgunverður. Lagt var af stað klukkan hálf níu með skíði og annan útbúnað fyrir

Lager II sem ákveðinn var við jökulsporð Hánypu (Snækolls). Þá æfð tækni með línu og tryggingar við sprungu. Æfing höfð á skíðum í brattri brekku. Matur klukkan eitt en síðan farið á skíðum á hátindinn. Skyggni ágætt. Snúið heim klukkan fjögur og settur fundur í þingtjaldi.

27. júlí:

Skýjað loft en ágæt fjallasýn. Morgunverður og bað. Lagt af stað til æfinga klukkan níu, á skriðjökulinn austan við Loðmund. Æfð notkun ísaxar og brodda. Þá gengið á Loðmund að austan og farið niður klukkan tvö. Mönnum skipt í tvo flokka, annar gekk eftir

öxlum niður í Hveradali, en hinn reisti Lager II að fullu og æfði sig á skíðum. Komið í Lager I klukkan sjö.

Um kveldið var haldið boð fyrir fjallaverði. Þar var m. a. kominn Jóhannes úr Kötlum. Var þeim flutt ljóðstef til heiðurs.

Fjallaverðir, frjálsir menn og hraustir við bjóðum upp á kjarnamat og kaffi. Heiður! Fyrir afrek ykkar öll sem unnin eru fyrir ættarlandið. Íslands fjöll þau eru okkar land við elskum heitast lága lyngið þeirra. Störf vor vinnum ætíð hönd við hönd hjálpum hvorir öðrum sem fótur fæti.

Jóhannes svaraði með því að bæta um betur og flutti tvö kvæði.

28. júlí:

Áfram er gott veður. Gengið í vesturfjöllin og klifrað, en einnig æfð tækni í ís. Lager II var svo bættur og snæddur þar miðdagur. Þá æfð trygging í tilefni af hrap og ístöðutrygging. Hætt klukkan sex.

29. júlí:

Ágætt veður. Klifrað með tryggingu og æfð sigtækni, Dülfer tækni og lærbragð, í innra Hveragili. Þá klifrað á ská (traversað) með tvöfaldri tryggingu (skæratryggingu) og sýnd meðhöndlun öryggisláss. Borðað við Lager II og þá æfð notkun skíða í línu. Heim klukkan fimm og hreinsað við skála, ruslu brennt og vatnsbólið lagað.

30. júlí:

Klukkan tvö komu þrír þátttakendur, 2 skátar og fröken Krapp. Hvíldardagur fyrir þá námskeiðismenn er fyrir voru, enda



Guðmundur Einarsson frá Miðdal.


veðrið ágætt. Aðalkennari fór með hina nýju þátttakendur upp á Loðmund og á Kerlingarfjall og kenndi þeim tryggingartækni. Um kvöldið byrjaði Jón Oddgeir Jónsson að kenna „Hjálp í viðlögum“. Að því loknu var haldinn fundur í þingtjaldi.

31. júlí:

Klukkan sjö, leikfimi eins og alltaf, og bað. Æfð tækni í ís, rétt fyrir innan Hveradalinn. Kennt að ganga í sprunginn ís og að bjarga úr sprungu með ístaðstækni. Íshellir skoðaður. Snætt við Lager II og skipt í tvo flokka til skíðaiðkana. Annar æfði í línu á kambi og í bratta, en hinn undirstöðuatriði. Hætt klukkan hálf sjö.

1. ágúst:

Gengið á Hofsjökul. Lagt af stað klukkan



Skíðanámskeið fjallamanna á Helliðshéið. (Ljósm. G. Ein.)

fimm. Þriggja stunda gangur að jöklinum, en tveir og hálfur upp, í glampandi sól. Útsýni með afbrigðum fagurt. Eldað uppi og kennt að ganga í línu neðarlega á Blágnípukjökli á bakaleiðinni. Matast við upptök Jökulfalls. Öll ferðin tók 14 tíma.

2. ágúst:

Vakið klukkan níu, þá leikfimi. Síðan kennd „Hjálp í viðlögum“ og björgunaraðferðir til klukkan tólf. Klukkan eitt hófst kennsla í björgun úr jökulsprungu með þrússikkaðferðinni. Klukkan hálf fimm var farið að kenna lestur landabréfa og að teikna landabréf.

Fundur í þingtjaldi hófst klukkan átta. Dr. Leutelt talaði um heiður fjallamanna og lögmál fjallanna.

3. ágúst:

Vakið klukkan sjö, leikfimi og bað í norðan-roki. Gengið í vesturfjöllin klukkan níu, m. a. á Ögmund og gefin landfræðileg skýring á umhverfinu. Klukkan fimm tók JOJ við með „Hjálp í viðlögum“ — brunasár og kal og hvernig á að búa um slíkt. Klukkan átta var fundur í þingtjaldi, rætt um fræðileg atriði og samin dagskrá fyrir lokadag.

4. ágúst:

Leikfimi eins og vant er klukkan sjö. Þoka og dálítil rigning. Klukkan níu er gengið í „Klifurgíginn“ og kennd sigtækni og bratt klifur, þá æfing í sprungnum ís við syðra Hveragil. Komið í Lager II klukkan hálf tvö og allt tekið niður og flutt niður eftir. Klukkan fjögur „Hjálp í viðlögum“ — sárabindi og



Frá einu af námskeiðum fjallamanna.

sóttþreinsun.

Klukkan hálf átta byrjaði lokaveislan. Skálinn allur lýstur með kertum og skreyttur eyrarrós. Fjallavörðum var boðið. Veisl-an hófst með borðhaldi og voru margar ræður fluttar. GE þakkaði kennurum og þátt-takendum. Jóhannes afhenti samkomunnni **Fjallamannamars** sem var sunginn. GE þakkaði og flutti skáldinu kvæði. Dr. Leutelt þakkaði samveruna og áhugann, flutti GE kvæðið „Félagarnir“ og mælti fyrir 24 ára afmæli hans á fjöllum. GE þakkaði og flutti tölu um sameiginleg áhugamál Íslendinga og Tírólbúa (ath. RL mun hafa talist til þeirra, ATG). Loks mælti Jóhannes úr Kötl-um fyrir minni GE, karla og kvenna og flutti afmælisvísu til GE. Klukkan tíu byrjaði „skemmtilega dagskráin“ og var sungið,

kvæðið og dansaði fram yfir miðnætti.

5. ágúst:

Þoka og rigning. Æft heima við skála — bæði hnútar og tryggingar með línu. JOJ kenndi „Hjálp í viðlögum“ og lauk svo námskeiðinu. Því var formlega slitið og skálinn hreinsaður.

6. ágúst:

Tekin upp tjaldborgin og lagt af stað til byggða klukkan hálf ellefu.



Úr fyrstu ferð Alpklúbbsins á Skessuhorni. Gengið upp norðausturhrygg fjallsins.



Á hryggnum á leið út á Heiðarhorn. Skessuhorn í baksýn.

Fréttapistill

UMSJÓN: SNÆVARR GUÐMUNDSSON OG ÓLAFUR BALDURSSON

Suðurjöklaferð

Nokkrir Alpklúbbsmenn fóru um Suðurjökla seinni partinn í mars. Þeir hófu ferðina í Tindfjallaseli á sunnudegi, gengu yfir Tindfjallajökul og niður að Markarfljótsbrú. Þar var farið yfir og gist í Emstruskála um nóttina. Á mánudag var gengið í Þórsmörk og sofið þar en farin Hátindaleið á Eyjafjallajökul daginn eftir. Að lokum skíðuðu kapparnir suður af og komu niður hjá Seljavallalaug. Allir voru á fjallaskíðum og þótti leiðin vel til þess fallin.

Snókur

Á skírdag um páskana síðustu klifu sex félagar ÍSALP Snók (1304 m) í Esjufjöllum. Þetta voru þau Anna Guðrún Línal, Ari Trausti Guðmundsson, Hreinn Magnússon, Höskuldur Gylfason, Magnús Guðmundsson og Óskar Knudsen. Ekki er vitað til að Snókur hafi verið klifinn áður. Farið var upp suðurhliðina og var klifurleiðin um 100 m löng í snjó og ís af II. gráðu. Klifrið tók um 2 tíma.

Esjan – virkið


Þann 2. maí síðastl. var hinn 150 m hái klettaveggur „Virkið“ klifinn öðru sinni svo vitað sé af þeim Jóni Geirssyni og Snævarri Guðmundssyni. Vetraraðstæður voru og tók þá félagi 7 klst. að klífa vegginn, en að þeirra sögn var klifrið með því alerfiðasta

sem þeir hafa lent í. Klettarnir voru afar ísaðir og þurfti að hreinsa hvern einasta metra síðustu 50 metrana upp á brún, en auk þess var afar kalt og mikið rok þennan dag.

„Virkið“ sem stendur vestan Gunnlaugsskarðs í Esju var fyrst klifið 23. maí 1981 af þeim Birni Gíslasyni og Snævarri en þá tók



Snókur í Esjufjöllum. Gengið á skíðum upp Fossadal. Ljós. Hreinn Magnússon í apríl 1982.



„Virkið“ vestan Gunnlaugsskarðs í Esju. Ljós. Snævarr Guðmundsson.

það 2 1/2 klst. að klífa vegginn, við sumaradstæður. Að sumarlagi inniheldur leiðin IV gráðu hreyfingar

Skessuhorn

5. maí síðastliðinn klifu Helgi Benediktsson og Arnór Guðbjartsson norðvesturvegg Skessuhorns. Þeir fóru upp hægra (sunnan) megin við rífið í miðju veggjarins en þar hafði safnast fyrir góður ís í kuldahretinu skömmu áður. Nokkur lóðrétt íshöft urðu á vegi kappanna, það hæsta neðst, 20 – 30 metra hátt. Klifrið tók 5 klst. og var III. – IV. gráða.

Pumall

Laugardaginn 19. júní kleif Arnór Guðbjartsson Pumall í Skaftafellsfjöllum. Egill Ásgrímsson var með í förinni og tryggði Arnór neðan frá, upp erfiðustu spönnina. Hún lá hægra megin við flöguna svokölluðu en hingað til hefur verið farið vinstra megin við hana. Þegar leiðin sameinaðist venjulegu leiðinni losaði Arnór sig úr línunni og klifraði upp á tind. Síðan fór hann niður að flögunni aftur og seig þaðan niður.



Klifur í norðvesturvegg Skessuhorns. Heiðarhorn í baksýn. Ljós. Arnór Guðbjartsson í maí 1982.

Skessuhorn enn

3. júlí var NV-veggur Skessuhorns klifurin söló fyrsta sinni af Snævarri Guðmundssyni. Tók það hann um 1 1/2 klst. að klifra hinn 250 m háa vegg eftir upphaflegri leið (Jón Geirsson/Snævarr Guðmundsson sept.

1980) en nú hafa tvær leiðir verið farnar á veggnum enn sem komið er. Notaði hann einu sinni línu í klifrinu og þá í miðjum veggnum en annars kleif hann línulaus.

Fleiri voru á fjallinu þennan dag en fóru þeir upp NA-hrygginn.

Félagar

Kaupið eintök af eldri tölublöðum tímarits ÍSALP.

Þau eru til sölu í félagsheimilinu á Grensásveginum og kosta kr. 30.00 stykkið.

Ritnefnd

LÖGMÁL FERÐA- MANNSINS

1. Göngum ávallt frá áningarstað eins og við viljum koma að honum.
2. Hendum ekki rusli á viðavangi.
3. Spillum ekki vatni.
4. Sköðum ekki gróður.
5. Truflum ekki dýralíf.
6. Skemmum ekki sérstæðar jarðmyndanir.
7. Föllum varlega með eld.
8. Forðumst akstur utan vega.
9. Fylgjum merktum göngustígum þar sem þess er óskað.
10. Virðum friðlýsingarreglur og tilmæli landvarða.

Þetta er boðskapur náttúruverndarlaganna um umgengni.

En við vitum öll, að þetta er nauðsynlegt að hafa hugfast, ef við viljum eiga áfram hreint land og fagurt.



Náttúruverndarráð

ZAPPA Á KISTUNA

„Ég klifra ekki nema Zappa verði settur í kassettutækið.“

„Blessaður maður þessir eru finir, þetta eru Talking Heads.“

„Þá klifra ég ekki.“

„Alltilagi, alltilagi, Zappa er kominn í.“

„Hvernig gengur?“

„Vel, hækkaðu . . .“

Þessi orðaskipti meðal annarra áttu sér stað í og undir Kistunni en Kista þessi er næsti tindur sunnan Hraundrangans í tinda-

röðinni ofan við bæinn Hraun í Öxnadal.

Þjóðhátíðardaginn 17. júní 1982 var Kista þessi loks unnin. Voru þar að verki Birkir Einarsson og undirritaður. Klifruðum við þetta í tveimur spönnum; 40 m sú fyrri og 20 m sú síðari. Fyrstu 20 m voru leiðinlegir í meiralagi. Laust berg, töluverður mosi en þó ekki verulega erfiður kafli. Seinni hluti fyrri spannarinnar skiptist í laust og fast berg. Klifrið þar var mjög erfitt sökum hæðar og erfiðleika við tryggingar.



Siggi og Bikki ræða við bóndann á Staðarbakka í Hörgárdal. Hraundrangi til vinstri og Kistan til hægri. Ljós. Hreinn Magnússon í maí 1981.

Þessir 20 m reyndust lang erfiðasti hluti leiðarinnar. Eftir fyrri spönnina var komið á sillu, nokkuð góða, og eru þaðan 20 m upp á topp. Seinni spönnin var mun skemmtilegri; bergið orðið fastara í sér og minni mosi.

Við tryggingar voru notaðir fleygar og hnetur og efst settum við „sting“ utan um stein sem við sigum í á niðurleið. (Við sigum í línu en ekki í steini).

Við treystum okkur ekki til að gráða leiðina en báðir höfum við klifrað Hraundrang-

ann og erum þess fullvissir að Kistan er mun erfiðari.

Það má geta þess að Hreinn Magnússon frá Reykjavík, Birkir og undirritaður reyndu við þessa sömu leið í júní 1981 en snéru við eftir ca. 10 m klifur. 1982 reyndu Birkir og undirritaður 11. júní 1982 en komumst þá aðeins um 10 m lengra en í fyrra skiptið. Það var því ekki fyrr en í þriðju tilraun sem okkur tókst að vinna Kistuna endanlega.

Gangið í Útivist Gangið með Útivist



Félagar fá ársrit félagsins með fjölbreyttu ferðaefni og mörgum litmyndum. Félagar greiða lægra fargjald en aðrir og fá afslátt á gistingjaldi í skálum félagsins.

Útivist, Lækjargötu 6a, s. 14606
SJÁUMST!

AÐDRAGANDINN AÐ STOFNUN ÍSALP

ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN er ekki gamall að árum, eða stofnaður 11. marz 1977, og því fimm ára á þessu ári. Aðdragandinn að stofnun hans var þó talsverður, en segja má, að fyrstu hugmyndir að stofnun hans hafi fæðst á árinu 1974, þegar við fjórir félagar vorum á ferð í Ölpunum.

Það var á árinu 1973, að við ákváðum að fara til náms í fjallafræðum í Austurríki og fara síðan um Alpalöndin, Austurríki, Sviss og Frakkland, en auk mín voru í þessari ferð Einar Hrafnkell Haraldsson, Helgi Benediktsson og Hlynur Möller. Strax um haustið 1973 fórum við að skrifa eftir upplýsingum vitt og breitt, m. a. fengum við ýmsar upplýsingar frá austurríska Alpaklúbbnum og þeim svissneska. Eftir að hafa blaðað í gegnum þær má segja, að fyrst hafi komið upp í huga okkar, að það væri vel til fallið að stofna íslenskan Alpaklúbb. Sérstakleg fannst okkur þetta óvitlaus hugmynd með hliðsjón af því, að hér á landi var vaxandi áhugi fyrir fjallamennsku, sem hafði að mestu legið í láginni um langt árabil.

Allan veturinn 1973 – 1974 vorum við við æfingar og annan undirbúning fyrir Alpaferðina, sem við höfðum tímasett frá mánaðarmótum júní/júlí og fram í september. Við fengum þær upplýsingar, að heppilegt væri fyrir Alpafera, að ganga í einhvern

klúbbanna þar syðra og við ákváðum að sá austurríski skyldi verða fyrir valinu, einfaldlega vegna þess að hann var ódýrastur, en gaf okkur sömu réttindi hvað varðaði afslátt á skálagjöldum og þess háttar. Samfara inn-göngunni í austurríska Alpaklúbbinn fór að flæða til okkar alls konar upplýsingaefni um klúbbinn og við fórum að fá tímarit hans að staðaldri. Allt þetta leiddi til þess, að okkur varð tíðræddara um hugsanlega stofnun slíks klúbbs á Íslandi.

Stundin rann upp og við héldum af landi brott í byrjun júlímánaðar 1974. Fyrsti viðkomustaður var London, en þar ætlaði mannskapurinn að byrgja sig upp af útbúnadri fyrir ferðina. Verslunarrápið skilaði sínum árangri og við flugum áleiðis til Salzburg í Austurríki mjög vel búnir. Það vakti reyndar athygli þegar við komum á fjallaskólann, sem við dvöldum á í tvær vikur, hversu góðan búnað við höfðum meðferðis. Við vorum eins og aðrir Íslendingar. Aðeins það besta var nógu gott, hvað svo sem það kostaði.

Við höfðum bókað okkur til skólavistar hjá vini okkar Fritz Moravec, einni gömlu kempunni í austurrískri fjallamennsku, en skólinn hans heitir Hochgebirgsschule Glockner-Kaprun og er staðsettur um 100 km frá Salzburg. Þar ætluðum við að nema



Undir tindi Rimfischhorn í Sviss sumarið 1974, f. v. Helgi Benediktsson, Sighvatur Blöndahl og Einar Hrafnkell Haraldsson.

undirstöðufræði fjallamennskunnar, ásamt því að röltu á nokkur fjöll í nágrenninu. Þegar við komum á skólann varð okkur heldur hverft við, því að í hverju horni, sama hvert litið var, var töluð danska. Við hugsuðum með okkur. Var þetta einhver mis-skilningur frá upphafi. Svo reyndist ekki vera. Þarna var 15 manna hópur frá danska Alpaklúbbnum, sem við höfðum reyndar ekki hugmynd um, að væri til. Það sem meira var, þá voru þetta margir hverjir ágætis fjallamenn og höfðu farið víða. Við kynntumst fljótlega fyrirliða danska hópsins, sem reyndist vera Júgóslavi, sem flutt hafði til Danmerkur, Dolfi Rotovnik, en hann var formaður danska Alpaklúbbsins á þessum árum og er reyndar ritstjóri tímarits

þeirra í dag. Hann var okkur afskaplega hjálplegur þessa fyrstu daga, enda búinn að vera þarna á ferð áður. Það voru ekki liðnir margir dagar, þegar hann spurði okkur um íslenskan alpaklúbb og hann rak upp stór augu þegar við sögðum honum, að hann væri alls ekki til. Þið verðið að stofna slíkan klúbb þegar við heimkomuna, sagði Dolfi við okkur. Þessi setning átti eftir að heyrast oft, áður en við skyldumst. Dolfi hafði gífurlegan áhuga á þessu máli og bauðst til að senda okkur ýmiss konar gögn varðandi starfsemi svona félaga, sem hann og gerði við heimkomuna. Það má því í raun segja, að þessi mikli ákafi Dolfi hafi endanlega sannfært okkur félagana um, að stofnun Alpaklúbbs var í raun fyllilega tímabær.

Eftir veru okkar í skólanum hjá Fritz fór-
um við vítt og breitt í Sviss og Frakklandi,
fyrst í ferðum á vegum fjallaskólans í Tyrol
og síðan á eigin vegum og á þessum ferðum
okkar ræddum við málefni Alpaklúbba iðu-
lega við erlenda ferðafélaga okkar, sem
voru frá ýmsum löndum. Sama sagan var
alls staðar uppi á teningnum. Það hvöttu
okkur allir til að stofna klúbb.

Pegar við síðan komum heim til Íslands
um haustið, eða í byrjun septembermánaðar,
vorum við fullir bjartsýni, að hægt yrði að
stofna klúbbinn þá þegar um haustið. En
það fer margt öðru vísi en ætlað er. Ein-
hvern veginn höfðu menn svo mikið að
gera, að hugmyndin lenti uppi í hillu. Málið
bar síðan alltaf öðru hverju á góma, en ein-
hvern veginn hafði enginn okkar uppurð í
sér til að hrinda undirbúningsvinnu í fram-
kvæmd. Það var því ljóst, að málið yrði eitt-
hvað í salti.

Menn héldu áfram að ferðast og um vorið
1975 var ákveðin skemmtiferð nokkurra fé-
laga, sem inni skyldi flétta „rölt“ á nokkur
fjöll í Ölpunum. Það varð reyndar minna úr
verki, en til stóð vegna veðurs. Hluti hóps-
ins komst að vísu upp á Mont Blanc, en
síðan ekki söguna meir. Við biðum í helli-
rigningu bæði í Zermatt og við rætur Matt-
erhorns og í Grindewald við rætur Eiger-
tinds í marga daga, áður en ákveðið var að
gefast upp og halda sig við bjórinn.

Hugmyndin um að klífa tinda eins og
Matterhorn og Eiger var hins vegar síður en
svo dauð og þegar um haustið var farið að
plana aðra ferð næsta sumar, árið 1976. Sú
ferð var farin og tókst betur en sú fyrri því 5.
júlí stóðum við sex félagar á tindi Matter-
horns, að vísu í leiðinda veðri, en okkur
hafði tekist það sem við ætluðum okkur.

Síðan fór hluti af hópnum upp á Mont
Blanc, en hluti hópsins var í klettaprili fyrir
neðan. Það má segja, að þessi ferð hafi vak-
ið menn upp frá dauða hvað varðar hug-
myndina um stofnun íslensks alpaklúbbs,
því þegar um haustið fórum við að ræða
málin fyrir alvöru. Ákveðið var að stofna
nokkurs konar undirbúningsnefnd, að
stofnun klúbbsins, en í henni áttu sæti auk
mín þeir Einar Hrafnkell Haraldsson, Guð-
mundur Ingi Haraldsson, Helgi Benediktss-
son og Hlynur Möller. Guðmundur Ingi
hafði sem sagt bæst í upphaflega hópinn frá
1974.

Undirbúningur gekk síðan hægt og sig-
andi um veturinn og loks rann stóra stundin
upp 11. mars 1977. Þá var stofnfundur
klúbbsins haldinn að Hótel Esju í Reykja-
vík. Við félagarnir höfðum gert okkur von
um, að ef til vill myndu mæta 20 – 40 manns
á stofnfundinn, en það fór á annan veg. Það
mættu vel á annað hundrad fundarmenn,
sem langflestir gerðust stofnfélagar. Það
kom skýrt fram á fundinum, að fundar-
mönnum fannst fyllilega tími vera til kom-
inn að stofna slíkt félag.

Á fundinum var ákveðið, að nafn klúbbs-
ins skyldi vera Íslenski Alpaklúbburinn,
ÍSALP. Klúbbnum var kosin stjórn, sem í
áttu sæti: Sighvatur Blöndahl, formaður,
Helgi Benediktsson, varaformður, Einar
Hrafnkell Haraldsson, gjaldkeri, Guð-
mundur Ingi Haraldsson, spjaldskrárritari,
Hlynur Möller, meðstjórnandi og Gylfi
Gunnarsson, meðstjórnandi.

Fljótlega eftir stofnun ÍSALP efndi stjórn
klúbbsins til samkeppni um merki klúbbs-
ins, en fjölmargar tillögur bárust. Það varð
einróma samþykkt að velja tillögu, sem Val-
garður Gunnarsson myndlistarmaður sendi



Á tindi Mont Blanc, haustið 1974, f. v. Hlynur Möller, Sighvatur og Einar
Hrafnkell Haraldsson.

Félagar

**Kaupið eintök af eldri tölublöðum
tímarits ÍSALP.**

**Pau eru til sölu í félagsheimilinu á
Grensásveginum og kosta kr. 30.00
stykkið.**

Ritnefnd



Frá einu af fyrstu fjallamennskunámskeiðunum, sem haldin voru eftir Alpferðina 1974 í Gígjökli Eyjafjallajökuls.

inn, en það er merki klúbbsins eins og menn þekkja það í dag. Óneitanlega má segja, að vel hafi til tekist í hönnun þess.

Fyrsti félagsfundurinn var síðan haldinn 12. maí 1977 og sóttu hann liðlega 40 manns. Síðan var fyrsta ferð ÍSALP farin 5. júní það sama ár og var farið á Skessuhorn. Af Skessuhorni hélt hópurinn á Heiðarhorn og þaðan niður að bænum Efra Skarði þar sem bíll beið hópsins. Í þessari fyrstu ferð klúbbsins tóku 32 félagar þátt, en það var um fimmtí hver félagi.

Ekki verður farið lengra út í stofnun klúbbsins í þessum stutta pistli, en þó er ekki hægt að ljúka honum öðru vísi en að

líta aðeins yfir farinn veg, þau fimm ár sem liðin eru frá stofnun. Reynslan hefur ótvírátt sýnt, að heilladrjúgt skref var stigið með stofnun klúbbsins, því í dag eru félagar á fjórða hundrað og fer stöðugt fjölgandi. Klúbburinn hefur látið margt gott af sér leiða. Sérstaklega hafa fjallamennskunámskeiðin verið vel skipulögð og skilað sér vel. Auk þess hefur klúbburinn haldið uppi ýmis konar annarri fræðslu, sem almennur fjallamaður hefði ekki getað fengið annars staðar. Að síðustu vil ég þakka þeim, sem ég hef starfað með innan klúbbsins fyrir ánægjulegt samstarf og vona ég að mér auðnist að veita ÍSALP eitthvert lið í framtíðinni.

ÞÓR ÆGISSON

Skíðaferð um páskana

„Fastir liðir eins og venjulega“

Gönguferðir yfir hálendið að vetrarlagi þykja varla fréttæmar nú orðið, svo ör hefur þróunin verið síðustu árin bæði hvað varðar útbúnað og ástundun útivistar og fjallaferða.

Undanfarin ár höfum við nokkrir félagar í FBSR (og ÍSALP) haft það fyrir venju að fara í skíðagönguferðir yfir hálendið um páskaleytið. Fjórir valinkunnir gæðingar völdust til fararinnar í þetta sinn. Þeir voru

Þór Ægisson, Guðjón Ó. Magnússon, Guttormur Þórarinnsson og Benedikt Kristjánsson. Leiðin sem við ætluðum okkur að fara lá upp frá Torfufelli í Eyjafirði suður á Nýjabæjarafreitt, þaðan vestur með norðanverðum Hofsjökli með viðkomu í Ingólfsskála í Lambahrauni. Þaðan þvert yfir Kjöl og í Pverbrekknamála og síðan yfir Langjökul, í Húsafell með viðkomu í Kirkjubóli (skála JÖRFA við Fjallkirkjuna).



Gutti reynir nýja aðferð við að sigla þöndum seglum. Reyndist hún vel. Ljósmynd: Guðjón Ó. Magnússon, apríl 1982.




Kirkjuból við Fjallkirkju. Allt hrímað eftir suðvestan áhlaupin í vetur. Ljósmynd: Þór Ægisson, apríl 1982.

Gangan upp á Nýjabæjarfjall lá um svo-kallað Hafrárgljúfur og var sú leið ærið brött og ekki laust við að sumir svitnuðu undan byrðinni, jafnvel menn sem ekki leggja það í vana sinn að svitna. Þegar upp á fjallið kom lá leiðin um Urðarvötn sem að sjálfsögðu voru á is og var stefnan tekin á Pollagil. Veður var hið besta þarna, suðvestan andvari og léttskýjað og færi ákjósanlegt. Þegar sunnar á Nýjabæjarfrétt kom, fór snjór hraðminnkandi og fór þá mikið að bera á svellum og stóðu víða berir melar uppúr. Var þetta upphafið á færi sem hélst alla leið suður í Gránunes á Kili. Þetta kvöld náðum við í skála sem heitir Sess-eljubær og er í Pollagili.

Daginn eftir, sem var pálmásunnudagur, höldum við snemma af stað og var stefnt að

því að ná í Ingólfsskála við Ásbjarnarfell fyrir kvöldið. Vindurinn var í fangið og hafði hert nokkuð og gerði það okkur lífið leitt á svellinu því skautarnir höfðu auðvitað gleymst heima. Eftir stutta göngu (án skíða), komum við að Eystri-Jökulsá og urðum að fara yfir hana. Áin var víða opin en við fundum þó snjóbrú og komumst yfir á henni. Nokkuð þykknaði í lofti yfir hádaginn og gerði litils háttar hriðarfjúk, en stytta fljótt upp. Leið okkar lá að mestu samsíða Eyfirðingaveginum gamla, en hans saúst þó engin merki nema stikur og vörðubrot á strjálingi. Í Ingólfsskála náðum við um kvöldið og höfðum þá gengið hálfa dagleiðina án skíða.

Mánudagurinn rann upp eins og mánu-dagar gera oftast. Það hafði létt til en stinn-



Frá Kirkjubóli er falleg fjallasýn til Kerlingarfjalla og yfir gervallan Kjöl. Norðvestan við skálann stendur Fjallkirkjan og er gangan upp auðveld. Ljósmynd: Þór Ægisson, apríl 1982.

ingskaldi var og vindurinn enn í fangið. Hiti var $+3^{\circ}\text{C}$ í skugga en það kom ekki að sök því enginn var snjórinn til að bráðna, aðeins glæra svell og auðir melar. Við gengum svo til allan daginn skíðalausir og tjölduðum að kveldi á Svörtukvíslarupptökum.

Meðan við sulluðum í okkur morgun-grautnum daginn eftir, snerist vindur skyndilega úr suðvestri í norðaustur. Við hugsuðum okkur gott til glóðarinnar og hugðumst sigla seglum þöndum í Þverbrekknámúla, en þegar til kom nægði vindurinn ekki til siglinga. Það hjálpaði samt að hafa vindinn í bakið og við vorum komnir í Gránunes um nónbil. Þar rákumst við á tvo Englendinga sem voru á leið norður yfir Kjöl á gönguskiðum. Þeir voru mjög hissa á því að rekast á menn á ferð þarna, áttu í

hæsta lagi von á að rekast á nokkra ísbirni. Þótt þeir hefðu þá aðeins verið tvo daga á ferðinni hafði ýmislegt drifið á daga þeirra og skildist okkur að það væri efni í heila bók. Svo mikil var brælan af einum ofni sem Englendingarnir kyntu, að við vorum eins og nýreykt Hólsfjallahangiket er við komum út undir bert loft aftur. Nóg um það . . .

Við höldum för okkar áfram og náðum í Þverbrekknámúla síðdegis. Þar var haldin gríðarleg veisla með dósamat og ýmsum „kaupstaðapægindum“ sem við fluttum þangað haustið áður.

Þegar hér var komið sögu var skíðafæri orðið ágætt og landið að mestu hulið snjó (sérstaklega á Langjökli). Næsta dag fórum við upp í Kirkjuból í afbragðs góðu veðri, logni og heiðríkju. Þar urðum við svo veð-

urtepptir á skírdag, en héldum af stað suður eftir Langjökli á föstudaginn langa. Þá var aftur komin sama veðurbliðan, talsvert frost en logn og heiðríkt. Ganga eftir jökli er ákaflega tilbreytingarlaus eins og þeir vita sem það hafa reynt, svo við urðum fegnir er tók að halla undan fæti niður í Þjófakrók.

Við héldum síðan niður eftir Kaldadalsvegnum og síðustu kílómetrana ösluðum við drullu upp í ökkla með allt draslið á bakinu. Að Húsafelli komum við svo skömmu fyrir miðnætti eftir 16 klst. og 70 km göngu. Þar með lauk skemmtilegri ferð eftir tæplega viku úthald.

ÓLAFUR BALDURSSON

FJALLAMENNSKA Á ÍSLANDI SÍÐUSTU FIMM ÁR

Í þessari grein mun reynt að rekja þróun fjallamennsku á Íslandi síðustu 5 ár. Að sjálfsögðu er erfitt að miða eingöngu við þennan ákveðna tíma enda verður seilst lengra aftur, allt til árána 1972 – 1974. Dæmi eru tekin um klifurferðir sem teljast það erfiðar að þær eru hlekkir í þróunarkedjunni.

Mikil breyting varð á fjallamennskunni snemma á áttunda áratugnum. Þeir, sem stóðu fyrir henni hér, sóttu fyrirmynd til Bretlands en þó aðallega til Alpna þar sem nokkrir sóttu námskeið og miðluðu af kunnáttu sinni er heim kom. Klifurtækni varð meiri vegna mun betri og öruggari útbúnaðar enda voru ýmsir tindar klifnir sem ekki höfðu áður verið fótum troðnir. Þar má nefna Púmal í Skaftafellsfjöllum sem klifinn var í fyrsta skipti sumarið 1975 af þremur

félögum í Hjálparveit skáta í Vestmannaeyjum (HSSV). Það voru þeir Daði Garðarsson, Kjartan Eggertsson og Snorri Hafsteinsson. Kerlingu í Kerlingarfjöllum klifu þrír menn úr ÍSALP og HSSR í október 1977. Það voru Helgi Benediktsson, Arnór Guðbjartsson og Arngímur Blöndahl. Helga, Arnóri og Péttri Ásbjörnssyni (einnig í ÍSALP og HSSR) tókst að klifa Fingurbjörgu í Mávabyggðum (1137 m) í september 1978. Í júlí 1977 var Hraundrangi í Öxnadal genginn af þremur Íslendingum í fyrsta skipti síðan 1956. Fleiri afrek mætti sjálfsagt upp telja sem beinar afleiðingar af byltingunni í klifurtækni á árunum 1972 – 1974 en hér mun numið staðar í því efni og þennanum beint að ýmsum smærri og nýlegri breytingum.

Í klettaklifri voru fleygar notaðir mun



Ofarlega í Hrutfjallsjökli. Sést niður á Svínafellsjökul. Ljós. Helgi Ben. í maí 1982.

meira en hnetur þar til fyrir 3 – 4 árum. Þá urðu vinsældir hnetna meiri enda hefur klifur með þeim mun léttara yfirbragð en fleygaklifur auk þess sem þær valda ekki skemmdum á klettum eins og fleygar.

Hér heima hafa ýmsar erfiðar klettaleiðir verið farnar, s. s. norðvesturvegur Skessuhorns og vesturhlíð Vestrahorns auk þeirra sem áður hafa verið nefndar.

Erlendis hafa Íslendingar unnið góð afrek í klettaklifri. Árið 1976 kleif Helgi Benediktsson tindinn Grépon (3475 m) í Chamonix Aguilles ásamt Frakka nokkrum. Þeir fóru upp austurvegg fjallsins um strýttuna Pic de Roc og er leiðin 800 m löng, IV. – V. gráða+. 5 kappar úr Flugbjörgunarveitinni í Reykjavík fóru í Alpna í júlí 1978. Það voru Guðjón Ó. Magnússon, Jón

E. Rafnsson, Óli Ragnar Gunnarsson, Rúnar Nordquist og Þór Ægisson. Þeir sóttu námskeið á fjallaskóla Peter Boardmans heitins. Þar klifu þeir 400 m langa klettaleið, Grand Muveran direct route af gráðunni D+, með IV. – V. gráðu hreyfingum. Sumarið 1981 klifruðu þeir Torfi Hjaltason, Einar Steingrímsson, Björn Vilhjálmsson og Bill Gregory ýmsar erfiðar leiðir í Romsdal í Noregi. Þær voru yfirleitt 450 – 600 m langar, IV. gráða, með V. – VI. gráðu spönnum.

Þróun í ísklifri var í fyrstunni hægari en í klettaklifri. Upp úr 1979 varð þó breyting á, menn komust erfiðari leiðir og sumir virtust hafa náð góðum tókum á ísklifrinu. Til marks um þetta má nefna að Kirkjan í Öræfajökli var klifin í fyrsta skipti í apríl 1979

af þremur görpum í ÍSALP og HSSR. Þar var um erfitt III. – IV. gráðu ísklifur að ræða. (ÍSALP nr. 10, bls. 15). Einnig skulu nefndar nokkrar leiðir í Esjunni. Leiðin „Handan við Hornið“ í Hrúttadal norðan í Esju var klifin í fyrsta sinn í janúar 1980. Hún er 80 m löng og IV. gráða. Grafarfossinn austan í Kistufelli var klifinn í desember 1981. Hann er 65 m hár og líklega IV. gráða. Tveir félagar í ÍSALP klifu erfiðan ísfoss austan við Þverfellshorn í mars 1981. Hann var um 40 m hár, IV. gráða.

Í áður nefndri Alpaferð Flugbjörgunar-sveitarmanna var reynt að klífa norðurhlið Les Courtes sem er erfið snjó- og ísklifurleið. Foringi þeirra var ekki af lakara taginu, Peter Boardman sjálfur. Þeir komust upp 2/3 hluta leiðarinnar en urðu þá að hörfa niður vegna snjóflóða (ÍSALP nr. 6, bls. 16). Fjórir Íslendingar fór leiðangur á Mount McKinley (6194 m), hæsta fjall Norður-Ameríku, í júní 1979. Arnór Guðbjartsson var sá eini sem komst á tindinn, þann næst hæsta sem Íslendingur hefur klifið. Sighvatur Blöndahl sneri við í 4000 m hæð vegna meiðsla í hné og Helgi Benediktsson og Arngrímur Blöndahl urðu að hætta göngunni í sjöundu búðum (um 5200 m) vegna fjallaveiki. Afrek Arnórs er áreiðanlega eitt það mesta sem Íslendingur hefur unnið á þessu sviði (ÍSALP nr. 11, bls. 6 og nr. 12, bls. 6).


Ástvaldur Eydal hefur klifrað hæst allra Íslendinga. Hann komst upp á eldfjallið Chimborazo í Ecuador, veturinn 1975, þá 68 ára að aldri. Hátindurinn nefnist Cumbre Maxima og er 6270 m yfir sjávarmáli.

Fyrir fjórum árum byrjuðu menn að nota nýttísku fjallaskíði hérlandis. (Áður fyrr notuðu menn skíði með gormabindingum

sem telja má frumgerð fjallaskíða). Strax kom í ljós að þau henta mjög vel í íslenskum fjöllum enda fjölgar þeim ört sem kjósa að ferðast á þennan hátt. Unnt er að ganga mun brattari brekkur á þeim en gönguskiðum auk þess sem þau eru eins og svigskíði á niðurleið. Mörg af hæstu fjöllum landsins hafa verið klifin með þessu móti. Hér er vert að nefna ferð Helga Benediktssonar og Arnórs Guðbjartssonar á syðsta tindinn í Hrútsfjalli í Öræfajökli 7. maí síðastliðinn. Hann er 1852 m hár og hafði ekki verið klifinn áður. Þeir fóru upp skriðjökulinn í miðju fjallinu og mun mesti brattinn hafa verið efst. Síðan renndu þeir sér niður sömu leið og er það ein erfiðasta leið sem skíðuð hefur verið hér.

Athylisverð þróun hefur orðið í ferðum á norðvesturvegg Skessuhorns. Hann var fyrst klifinn af Snævarri Guðmundssyni og Jóni Geirssyni 13. september 1980. Það var klettaklifur, III. gráða+ (ÍSALP nr. 18, bls. 27). Þá höfðu verið gerðar 3 tilraunir til að klífa hann en allar mistekist. Þeir sem höfðu komist hæst voru Björn Vilhjálmsson og Bill Gregory í október 1979. Þeir áttu aðeins um 40 m ófarna er þeir þurftu frá að hverfa vegna veðurs. Í mars 1981 reyndu Helgi Bendiktsson og Arnór Guðbjartsson við vegginn en urðu að fara út úr honum vegna ills færís eftir að hafa klifrað um 4/5 hluta leiðarinnar. Snævarr og Jón klifu Skessuhornið aftur 5. september 1981 og voru aðeins tvær og hálf klukkustund að en höfðu í fyrsta skiptið verið um sjö tíma. Arnóri og Helga tókst að klífa hliðina 5. maí síðastliðinn. Það tók 5 klukkustundir og var III. – IV. gráðu ísklifur.

Ljóst má vera af þessari upptalningu sem þó er ekki tæmandi að norðvesturveggur Skessuhorns er erfiður uppgöngu. Nokkrar



Hrútfjallstindar í Öræfajökli. Ljós. Helgi Ben. í maí '82.

tilraunir þurfti að gera til að klífa hann og er því um eins konar reynsluklifur að ræða.

Suðurhlið Hrútfjallstinda í Öræfajökli er 40 – 50 gráðu brött og um 1400 m há. Engin hlið á landinu með sama – eða meiri bratta – er svo löng. Einnig er fjallið afskekkt og í einu mesta veðravíti landsins, Öræfajökli. Snævarr Guðmundsson og Torfi Hjaltason reyndu að klífa hliðina á páskum 1980. Þeir urðu að snúa við í um 1100 m hæð vegna veðurs og slæmra aðstæðna. Hins vegar tókst Torfa ásamt Önnu Láru Friðriksdóttur og Einari Steingrimsyni að komast hliðina 11. maí 1981. Síðan fóru þau út á vestasta Hrútfjallstindinn (1773 m). (ÍSALP nr. 20, bls. 15). Áður hefur verið nefnd ferð Helga og Arnórs á fjallið.


Tvisvar hefur verið reynt að klífa suðurvegg Lómagnúps í Vestur-Skaftafellssýslu. Í bæði skiptin hafa Snævarr Guðmundsson og Björgvin Richardsson verið að verki. Fyrst um verslunarmannahelgina 1980 en þá klifruðu þeir tvær spanir, þá fyrri af IV. gráðu og þá seinni í slútandi bergi, A2/A3. Klifrið var mjög tímafrekt og því lögðu þeir árar í bát eftir um 50 m. Síðan reyndu þeir á sama tíma að ári um verslunarmannahelgina 1981 en urðu þá fyrir slysi fremur neðarlega og sneru við.

Vonandi tekst mönnum að öðlast reynslu í þessum vegg og komast upp þó að það muni kosta nokkrar ferðir þangað eins og raun varð á um Hrútfjallstinda og Skessuhorn.

Nú má ljóst vera að miklar breytingar



Ísklifuræfing í Gígjökli. Ljós. Sighvatur Blöndahl.



Klifur í Stardal. Ljós. Jón Geirsson.

hafa orðið til batnaðar á íslenskri fjallamennsku síðustu tíu ár. Ég ætla að það sé einkum þremur þáttum að þakka:

- a) Íslendingar sóttu námskeið í Ölpunum.
- b) Nýtísku fjallavörur eru fluttar inn.
- c) Frumherjar nútímafjallamennsku miðla af kunnáttu sinni innan björgunarsveita og síðar í Alpklúbbnum þar sem fræðslustarfsemi hefur eflst með hverju ári. Erindi eru flutt, námskeið haldin og greinar skrifaðar í blaðið.

Að lokum vil ég hvetja menn til að klifra en athuga vel að velja leiðir og fjöll við sitt hæfi. Keppa við sjálfa sig en ekki aðra.

Heimildir

1. Rit ÍSALP nr. 1, 2, 6, 10, 11, 12, 14, 16, 18, 19, 20, 21 og 23.
2. „Þú stóðst á tind“ eftir Sigurð Þórarinsson. Birtist í tímaritinu Jökli sem Jökla-rannsóknarfélag Íslands og Jarðfræðafélag Íslands gefa út, 30. árg., Reykjavík 1980, bls. 81 – 87.
3. Frásagnir ýmissa kapp.

Styrktaraðilar

Pálmason og Valsson
Klapparstíg 16, s. 27745

Radíóbúðin
Skiopholti 19, s. 29800

Formprent
Hverfisgötu 78, s. 25960

Rafkraft hf.
Grensásvegi 5, s. 81750

ÍSALP merkin

**fást í Skátabúðinni
og á Grensásveginum**

Þau kosta 50,00 kr.

Ferðir og fundir ÍSALP

Miðvikudagur 18. ágúst:

Opið hús.

Miðvikudagur 25. ágúst:

Opið hús – rætt um vinnuferð í Tindfjöll.

Laugardagur 28. – Sunnudagur 29. ágúst:

Vinnuferð í Tindfjöll – farið upp eftir með kol og vistir og skálinn almennt undirbúinn fyrir veturinn. Farið í stuttar gönguferðir um fjöllin ef tími leyfir.

Miðvikudagur 1. september:

Opið hús – skráning á klettaklifurnámskeið og myndir af klettaklifri sýndar.

Mánudagur 6. september:

Undirbúningsfundur fyrir klettaklifurnámskeið.

Miðvikudagur 8. september:

Opið hús í umsjón húsnefndar.

Föstudagur 10. september:

Undirbúningsfundur fyrir klettaklifurnámskeið.

Laugardagur 11. – Sunnudagur 12. september:

Klettaklifurnámskeið í nágrenni Reykjavíkur. Þátttakendum verður m. a. leiðbeint um meðferð línu, trygginga og leiðarval í klifri. Fjöldi takmarkaður við 16. Þátttökugjald kr. 250.

Miðvikudagur 15. september:

Opið hús – rætt um bókasafn klúbbsins, tilgang þess, bókakaup, útlán og fleira.

Miðvikudagur 22. september:

Opið hús – rætt um ferð á Þórisjökul og myndir af Þórisjökli sýndar.

Laugardagur 25. september:

Dagsferð á Þórisjökul. Farið verður upp skriðjökulinn að norðanverðu. Fararstjóri Hreinn Magnússon.

Miðvikudagur 29. september:

Opið hús – Guttormur Björn Þórarinnsson sýnir myndir af skíðaferð suður Eyfirðingaveg um síðustu páska (sjá grein Þórs Ægissonar í þessu blaði).

Miðvikudagur 6. október:

Opið hús – rætt um ísklifurnámskeið og myndir af ísklifri sýndar.

Mánudagur 11. október:

Undirbúningsfundur fyrir ísklifurnámskeið.

Miðvikudagur 13. október:

Opið hús – kynning á útbúnaði ætluðum til vetrarferða.

Föstudagur 15. október:

Undirbúningsfundur fyrir ísklifurnámskeið.

Laugardagur 16. – sunnudagur 17. október:

Ísklifurnámskeið á Gígjökli í Eyjafjallajökli. Þátttakendum verður m. a. leiðbeint um notkun ísaxa, beitingu mannbrodda, trygginga og leiðarval á jökli. Sofið í tjöldum. Fjöldi takmarkaður við 16. Þátttökugjald kr. 250.

Miðvikudagur 20. október:

Opið hús – Ari Trausti Guðmundsson ræðir um jarðsögu Íslands í máli og myndum.

Miðvikudagur 27. október:

Opið hús.

Miðvikudagur 3. nóvember:

Félagsfundur.

VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



Camp
Trails



MoAc



ajungilak.



Blacks
of Greenock

ultimaté

Paraboot - Galibier



Kastinger



SKÁTABÚÐIN

SÉRVERSLUN
FYRIR
FJALLA- OG
FERÐAMENN.

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af  Hjálparseit Skáta Reykjavík